



ÁRSSKÝRSLA
Heimilis og skóla
landssamtaka foreldra

2014

Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra haldinn 22. apríl 2015
hjá SAMFOK, Háleitisbraut 11-13, 2. hæð, 108 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir

Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir

Myndir: Heimili og skóli

Ábyrgðarmaður: Anna M. Sigurðardóttir

Prentun: Svansprent

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla	4
1.1. Stjórn	4
1.2. Stjórnar- og framkvæmdanefndarfundir	4
1.3. Starfsmenn	4
2. Starfsemi	5
2.1. Húsnæði	5
2.2. Félagsmenn	5
2.3. Samstarfssamningur	5
3. Helstu verkefni	5
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar	5
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið	6
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök	6
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	7
3.5. Foreldradagurinn	7
3.6. Lestraráttak Ævars vísindamanns	8
3.7. SAFT	8
4. Útgefið efni, dreifing og vefsíða	11
4.1. Útgáfa	11
4.2. Heimasíða og fésbók	11
5. Fundir, ráðstefnur og aðrir viðburðir	11
6. Samstarf innanlands	12
7. Norrænt samstarf	13
8. Evrópskt samstarf	13
9. Lokaorð	14
Lög Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra	14



INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnarálflokkum og trúfélögum. Fjöldi einstaklinga eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum Insafe netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í viðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum. Einnig höfum við boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um netöryggi.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2014 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

| 1 | STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Stjórn Heimilis og skóla var kosin á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 7. apríl 2014. Úr stjórn gengu Ketill B. Magnússon, formaður, Sigrún Þorleifsdóttir, varaformaður, Ása Sigurlaug Harðardóttir, Bryndís Elfa Valdemarsdóttir og Svava B. Sigurjónsdóttir. Kosnir voru þrír nýir stjórnarmeðlimir til tveggja ára og tveir til eins árs. Einnig var kosinn nýr formaður stjórnar, Anna Margrét Sigurðardóttir, og er hún fyrsti formaður samtakanna sem kemur af landsbyggðinni. Í stjórn 2014-2015 sátu:

Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður

| Neskaupstað, Fjarðabyggð

Hlíf Böðvarsdóttir, varaformaður | Garðabæ

Kosin til eins árs.

Gísli Hildibrandur Guðlaugsson | Hafnarfirði

Hrafnís Tekla Pétursdóttir | Seltjarnarnesi

Kosin til eins árs.

Jenný Ingudóttir | Reykjavík

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir | Garðabæ

Pröstur Jónasson | Kópavogi

Kjörnir skoðunarmenn voru **Barbara Björnsdóttir** og **Hilmar Ingimundarson**.

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Frá 24. febrúar til 31. desember 2014 voru haldnir sjö stjórnarfundir. Sú stjórn sem kosin var á aðalfundi 2014 fundaði hins vegar átta sinnum á tímabilinu apríl 2014 til apríl 2015.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna starfsárið 2014 voru:



Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri

Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT

Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri

Björn Rúnar Egilsson, verkefnastjóri

Starfsmenn hafa viðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og kennslufræði, heimspeki, sálfræði, aðferðafræði og alþjóðasamskiptum.

| 2 | STARFSEMI

2.1 HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðsluefni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða.

2.2 FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, leik-, grunn- og framhaldsskólar. Skráðir félagsmenn voru 2316 talsins við árslok 2014, þar af 2164 einstaklingar. Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða félagatal samtakanna undanfarin ár og finna

út hverjir eru virkir félagar og hverjir ekki. Talsverð endurnýjun hefur átt sér stað og hafa nýir félagar komið í stað þeirra sem detta út og hefur orðið aukning milli ára.

2.3 SAMSTARFSSAMNINGUR

Samstarfssamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti var undirritaður 21. mars 2013 og gildir hann til næstu fjögurra ára frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016. Samningurinn felur í sér fjárframlag, 12 milljónir króna á ári, til að sinna fjölpættri þjónustu við foreldra skólabarna á öllu landinu. Sú upphæð hefur staðið óbreytt síðustu ár.

| 3 | STARFSEMI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR


Mikið er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er óskað eftir fræðslu og fyrirlesturum og hafa Heimili og skóli og SAFT ferðast vítt og breitt um landið á árinu með fræðslu fyrir börn og foreldra. Einnig höfum við farið með fræðslu í fyrirtæki.

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf með tölvupósti og facebook, eftir fremsta megni. Einnig kemur fólk í eigin persónu til að fá ráðgjöf.

Þegar athugað er vegna hvers er helst hringt þá er þar að merkja breytingu frá fyrra ári. Þá var helst hringt vegna nemanda en nú er meirihluti ráðgjafar undir

annað (47%). Er það í raun lýsandi fyrir hversu erfitt getur verið að flokka ráðgjöfina þar sem málin eru oft margþætt og geta fallið undir nokkra flokka. Ekki síst þegar ráðgjöfin tengist netöryggi en mikið er leitað til okkar vegna þess málaflokks. Í fyrsta lagi hafa áhyggjur foreldra af netnotkun barna aukist, árvekni virðist meiri og mál eins og einelti, myndbirtingar og fleira sem kemur inn á borð skólans tengjast oft dreifingu eða samskiptum á netinu. Mörkin milli skóla og félagslífs utan skóla eru því sífelld að verða óskýrari og í raun má segja að þau séu að hverfa. Einnig gæti þetta verið vísbending um að endurskoða þurfi þá flokka sem fyrir eru í skráningakerfinu. Þar á eftir er helst hringt vegna nemanda (39%) og svo er það stjórn skóla (8%), því næst er aðbúnaður/öryggi umhverfis (3%) og námsefni (3%). Athygli vekur að árið 2014 var ekki hringt sérstaklega vegna kennara en árið á undan voru um 5% ráðgjafar vegna kennara. Hugsanlega fellur eitthvað af þeirri ráðgjöf undir annað þar sem málin eru oft margþætt og margir sem að þeim koma. Skoða má mynd 1 til að glöggva sig betur á skiptingunni.


MYND 1 - VEGNA HVERS ER HRINGT?



Yfirleitt eru það foreldrar og aðstandendur sem leita ráðgjafar (36%) en þar á eftir koma aðrir (20%) og foreldrafélög/skóla- og foreldraráð (13%). Næst koma skólastjórnendur (10%), kennarar (5%), samstarfsaðilar (5%) og ekki er vitað hver leitar aðstoðar í 5% tilvika. Stjórnsýsla og fjölmiðlar eru síðan um 3% hvort af skiptingu ráðgjafar. Reyndar gefst sjaldnast færi á að skrá samskipti við fjölmiðla þar sem þau eru mjög tíð og skráum við þá einkum ef þeir leita upplýsinga en ekki ef þeir eru að óska eftir viðtali og þess háttar (sjá nánar mynd 2). Stundum skarast flokkarnir.

Mál nemanda eru flokkuð eftir hvort þau tengjast námi og/eða andlegri líðan.

MYND 2 - HVERJIR HRINGJA?



Þegar kemur að námi eru um 14% ráðgjafarinnar tengd skólastjórn, 9% lögum og reglugerðum, 7% aðbúnaði, 7% sveitarfélagi, 7% kennara, 5% kennslu og 2% námsmáti.

Þegar málin tengjast andlegri líðan eru 14% vegna eineltis og er það aukning um 4% frá í fyrra. Hins vegar voru 21,5% ráðgjafarinnar vegna eineltist árið 2012. 7% tengjast hegðun og 5% kvíða. Um 2% eru vegna vegna félagslegrar einangrunar, 2% vegna sorgar og þunglyndis, 2% vegna veikinda/fötlunar, 2% vegna ADHD og önnur 2% vegna nemendaverndar.

Langoftast er hringt vegna grunnskólastigsins (68%), þar á eftir kemur framhaldsskólinn (11%) og því næst leikskólastigið (9%). Önnur mál eiga ekki endilega heima innan ákveðins skólastigs. Ráðgjöf hefur aukist á leik- og framhaldsskólastigi en er þó enn langmest á grunnskólastigi, enda er það lengsta skólastigið og samtökin hafa þjónustað það frá upphafi. Oftast er hringt vegna samskipta (14%) en einnig er hringt vegna frímínútna, skólaaksturs og ferða.


Þegar foreldrasamtök hafa samband er oftast leitað eftir ráðgjöf um starfið og skipulag þess. Einnig er mikið beðið um fræðslu/fyrirlestra og því næst er spurt um aðkomu að stjórnsýslu og réttindi og skyldur.

Einnig er umtalsverður hluti ráðgjafarinnar tengdur netöryggi og fellur þá undir SAFT netöryggisverkefnið. Ráðgjöfin skiptist á eftirfarandi hátt: Öryggismál/vefstillingar (15%), námsefni (25%), einelti (10%), siðferði (10%), snjallsímar/spjaldtölvur (20%), umsögn/fjölmiðlar (15%), netfíkn (3%), lög/reglur (1%) og 1% falla undir annað (sjá mynd 3).

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglunga. Samtökin bjóða upp á fyrirlestra og fræðsluefni fyrir leik-, grunn-

MYND 3 - RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI



og framhaldsskóla. Boðið er upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, aðalnámskrá, einelti og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga netnotkun barna og unglunga fyrir börn, foreldra og starfsfólk skóla. Öll fræðslan er í eðli sínu forvarnafræðsla.

Heimili og skóli hafa unnið að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök um land allt í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótastarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Einnig er listi yfir samstarfsaðila og unnið er að því að safna netföngum félaga. Reglulega eru sendar upplýsingar og rafrænt fréttabréf á netfangalista.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Víða um land eru starfrækt svæðasamtök sem eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa sinn til setu í fulltrúaráði samtakanna. Haldnir voru tveir fulltrúaráðsfundir á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn á Reyðarfirði þann 3. apríl. Þangað mættu foreldrar

af öllu landinu og áttu góðan fund þar sem m.a. Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð, sagði frá skólamálaum í sveitarfélaginu og samstarfi við foreldra. Þá var einnig kynnt og samþykkt ný svæðaskipan fulltrúaráðsins. Seinni fundurinn var haldinn í Reykjavík 31. október þar sem áherslan var á læsi í víðu samhengi og leiðir til þess að efla læsi barna í grunnskólum. Beint var sjónum að hvernig foreldrar geta lagt sitt af mörkum og hvernig heimili og skólar geti unnið saman að þessu markmiði. Eftir fundinn gafst fulltrúum svo tækifæri að sækja málþingið *Allir snjallir* sem haldið var sama dag.

Á árinu var farið í vinnu við eflingu fulltrúaráðs Heimilis og skóla. Formaður og verkefnastjóri heim-sóttu sveitarfélögin Borgarbyggð og Árborg í þeim tilgangi og funduðu með forsvarsmönnum foreldra í sveitarfélagunum. Á fundina mættu bæjarstjórar, fræðslustjórar og formenn foreldrafélaga og -ráða leik-, grunn- og framhaldsskóla á svæðunum. Þar var m.a. rætt um stöðu og eflingu foreldrastarfs og fundargestir fengu kynningu á Heimili og skóla og starfsemi samtakanna ásamt því að fá tækifæri til þess að leita ráða hjá formanni og verkefnastjóra. Fundirnir tókust afar vel og stefnt er á að heimsækja fleiri sveitarfélög í framhaldinu

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í nítjándan sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, 9. maí 2014. Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, ávarpaði samkomuna og afhenti verðlaunin ásamt formanni dómnefndar, Gísla Hildibrandi Guðlaugssyni og formanni Heimilis og skóla, Önnu Margréti Sigurðardóttur.

Viskubrunnur hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2014. Verkefnið er unnið á Seyðisfirði og er spurningakeppni þar sem foreldrar, starfsfólk og nemendur Seyðisfjarðarskóla sameina krafta sína við undirbúning og safna í leiðinni fyrir skólaferðalagi 9. og 10. bekkjar skólans til Danmerkur. Verkefnið eflir tengsl skólustarfsins við nærsamfélagið og er leið til þess að gera nemendur virkari þátttakendur í samfélaginu og almennu félagsstarfi. Dómnefndin var sammála um að þetta verkefni væri merkilegt að því leyti að krafist er samvinnu allra bæjarbúa til að verkefnið heppnist vel og eflir þannig tengsl skóla og nærsamfélags. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist því verkefnið hefur staðið yfir í 14 ár og er einn af þessum föstu punktum í tilveru bæjarbúa.

Hvatningarverðlaunin 2014 hlaut verkefnið **Sögu-skjöldur** sem starfrækt er á Dalvík og er samstarfsverkefni fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar og leikskólanna Kátakots og Krílakots. Markmiðið með verkefninu er að fá foreldra (ekki síst af erlendum uppruna) inn í starf skólanna og búa til málörvandi námsefni.

Dugnaðarforkur Heimilis og skóla 2014 var **Helga Margrét Guðmundsdóttir**. Helga Margrét hlaut viðurkenninguna fyrir eflingu foreldrastarfs og borgaravitundar. Hún á stóran þátt í þeirri vitundarvakningu og eflingu foreldrasamstarfs sem hefur átt sér stað á síðustu árum um allt land.

Aðalmarkmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins. Árið 2014 bárust alls 36 tilnefningar til verðlaunanna.

Í dómnefnd árið 2014 sátu:

- **Gísli H. Guðlaugsson**, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
- **Sigríður Lára Ásbergisdóttir**, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- **Jódís Bjarnadóttir**, formaður foreldraráðs Menntaskólans við Hamrahlíð
- **Hrund Logadóttir**, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
- **Gylfi Jón Gylfason**, fræðslustjóri Reykjanesbæjar
- **Sveinbjörn Kristjánsson**, Embætti landlæknis
- **Aðalheiður Steingrimsdóttir**, Kennarasamband Íslands

Sú hefð hefur skapast að heimsækja handhafa Foreldraverðlauna með mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum úr ráðuneytinu. Verkefnið **Sveitadagar að vori** í Varmahlíðarskóla hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2013 og heimsóttum við Skagfirðinga 14. maí 2014 og kynntumst þar verkefninu og skólasamfélaginu. Ráðherra komst því miður ekki með í þá ferð en tveir sérfræðingar úr ráðuneytinu komu í hans stað og fóru í ferðina með formanni og framkvæmdastjóra Heimilis og skóla. Markmiðið með verkefninu er að nemendur kynnist störfum í sveit og læri þannig að þekkja mikilvægi landbúnaðar í sínu heimahéraði. Verkefnið tekur vel á tengslum grunnskólans við nærsamfélagið. Skemmst er frá því að segja að við nutum gestrisni Skagfirðinga í hvívetna og áttum fróðlega dagsstund í Varmahlíðarskóla og á fjórum bóndabæjum í Skagafirði þar sem rætt var við nemendur, foreldra og skólastjóra. Við nutum leiðsagnar skólastjóra Varmahlíðarskóla, Álfheiðar Freyju Friðbjarnardóttur og aðstoðarskólastjóra, Kristvínur Gísladóttur og þökkum þeim kærlega góðar móttökur. Einnig viljum við þakka nemendum og ábúendum á Daufá, Lýtingsstöðum, Sölvanesi og Stórhóli sem tóku vel á móti okkur.

Vodafone kostaði Foreldraverðlaunin 2014 en aðrir styrktaraðilar voru **Tertugallerí**, **Ikea** og **Leirbrot og gler**.

3.5. FORELDRADAGURINN

Foreldradagurinn var haldinn í fjórða sinn 31. október 2014 með málþingi á Grand Hótel í Reykjavík. Málþingið bar yfirskriftina *Allir snjallir - snjallir foreldrar, snjallir*

nemendur, snjallir kennarar og snjallir skólar og endurspeglar það viðfangsefnið sem var notkun snjalltækja í skólum. Ráðstefnan var afar vel sótt og mátti þar finna fulltrúa allra helstu hagsmunahópa. Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla, setti ráðstefnuna og í kjölfarið flutti Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, stutt ávarp. Á mælendaskrá voru þau Kjartan Ólafsson, deildarformaður félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri, með erindið *Internetið undir koddanum - börn og unglingar í Evrópu nota snjallsíma og spjaldtölvur*, Sólveig Rósa Sigurðardóttir, umsjónarkennari og verkefnastjóri í Sæmundarskóla, með erindið *Má ég nota símann minn til þess að glósa?*, Elísabet Gísladóttir, lögfræðingur hjá Umboðsmanni barna, með erindið *Hvað má og hvað má ekki?* Vegna vonskuveðurs var Kjartan veðurtepptur á Akureyri og þurfti því að flytja erindi sitt og taka þátt í umræðum í gegnum Skype. Eftir kaffihlé voru þeir Stefán Jökulsson, fjölmiðlafræðingur og háskólakennari, og Trausti Þór Friðriksson, vörustjóri hjá Símanum, með erindin *Tískubóla eða bráðnaudsýnleg kunnátta?* um mikilvægi miðlalæsis og *Hlutverk fjarskiptafyrirtækja í aðgengi barna að netinu*. Að erindunum loknum tóku við líflegar pallborðsumræður og fyrirspurnir úr sal en í pallborði voru auk fyrirlesara Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, og Jón Hjörvar Valgarðsson, fulltrúi úr ungmennaráði SAFT. Ráðstefnustjóri var Ingví Hrannar Ómarsson. Erindi ráðstefnunnar voru tekin upp sem og pallborðsumræður og eru upptökurnar aðgengilegar á vef Heimilis og skóla og youtube. **Síminn** og **Sorpa** kostuðu Foreldradaginn árið 2014.

3.6. LESTRARÁTAK ÆVARIS VÍSINDAMANNIS

Lestrarátak Ævars vísindamanns fór fram frá 1. október 2014 til 1. febrúar 2015 og er hugarfóstur Ævars Þórs Benediktssonar, leikara og rithöfund. Átakinu var ætlað að kveikja áhuga barna í 1. til 7. bekk í grunnskólum landsins á lestri og dregin voru út fimm nöfn úr innsendum miðum og fengu vinningshafar verðlaun þar sem þeir verða gerðir að persónum í nýrri ævintýrabók sem kemur út næsta vor og ber titilinn *Bernskubrek Ævars vísindamanns: Risaeðlur í Reykjavík*. Gríðarlegur fjöldi miða var fylltur út og ánægjulegt að sjá hve átakið hreyfði við lestraráhuga þeirra barna sem tóku þátt. Alls tóku 115 grunnskólar þátt og lesnar voru tæplega 60.000 bækur. Heimili og skóli voru auk annarra í samstarfi við Ævar og tóku við útfylltum lestrarmiðum og sendu upplýsingar um átakið á netverk samtakanna.

3.7. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 hefur Evrópusambandið rekið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallast Safer Internet Action Plan. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu

og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast Insafe (www.saferinternet.org) sem er samhæft af skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli - landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun og þremur ráðuneytum (mennta- og menningarmálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti), hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða net- og nýmiðlanotkun barna, ungmenna, foreldra, kennara, upplýsingatækniáætlun, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins eru fræðsla og stuðningur við þessa hópa til að nota netið og nýmiðla á jákvæðan og öruggan hátt.

Sérstök verkefnisstjórn áttaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, innanríkis og velferðar, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjölmiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóra, Rauða kross Íslands auk verkefnisstjóra SAFT. Í stýrihópi verkefnisins sátu fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífnum, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnisstjórn Insafe og gegna embætti formanns ráðgjafanefndar netöryggismiðstöðva.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2014 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðslu- og námsefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í ellefta sinn 11. febrúar 2014. Þemað var „Gerum netið betra saman“ og yfir 100 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, innanríkisráðuneytið,

velferðarráðuneytið, Póst og fjarskiptastofnun, Menntavísindasvið HÍ og SAFT stóðu fyrir ráðstefnu um Internetið í tilefni dagsins. Ráðstefnan var haldin í Skriðu í húsakynnum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Ungmennaráð SAFT tók þátt af fullum krafti. Anna Mínerva Kristinsdóttir og Helga Björg Heiðdal voru kynnar dagsins og Bjartur Thorlacius flutti erindi um mikilvægi þess að tjá sig gegn hatursorðræðu á netinu. Þau tóku síðan þátt í málstofum ásamt Klöru Ósk Kristinsdóttur og Guðnýju Rós Jónsdóttur. Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, var fyrstur í pontu og flutti ávarp í fjarveru Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra. Sigríður Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra, fylgdi í kjölfarið. Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra, ávarpaði að lokum samkomuna. Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, steig næst á stökk og ræddi um mikilvægi stefnumótunar um málefni netsins í heild sinni. Almar Halldórsson, verkefnastjóri PISA hjá Námsmatsstofnun, var næstur á svið og vakti upp ýmsar spurningar um læsi og skoðaði tölfræði úr PISA könnuninni. Síðastur á mælendaskrá var fulltrúi ungmennaráðs SAFT, Bjartur Thorlacius, en hann varaði við því að líta á ritskoðun eða heftan aðgang að skaðlegu efni sem bestu lausnina. Mikilvægt væri að mæta hatursfullum áróðri af rökfestu.

Eftir stutt kaffihlé tóku við þrjár málstofur sem báru eftirfarandi titla:

- 1) Ábyrgð og vernd Íslendinga á netinu
- 2) Varðveisla persónuupplýsinga
- 3) Hvernig byggjum við upp „stafræna borgaravitund“?

Málstofurnar voru í beinni útsendingu á netinu og upptökur eru einnig aðgengilegar á netinu sem og fundargerð.

Allir snjallir

Foreldradagur Heimilis og skóla var haldinn föstudaginn 31. október 2014 á Grand hótél undir yfirskriftinni *Allir snjallir*. Markmiðin með deginum voru að ná sátt um notkun snjalltækja í skólum landsins og að niðurstöður málþingsins verði notaðar sem viðmið fyrir skynsamlegri og sanngjarnri stefnu um snjalltæki í skólum.

SAFT ungmennaráð

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmönnum á aldrinum 12-18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig megi kenna jákvæða og örugga netnotkun í skólum landsins. Ungmennaráðið vinnur einnig að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og metur allt fræðsluefni sem SAFT gefur út og veitir álit sitt. Meðlimir ráðsins taka auk þess þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið.

Árið 2014 var viðburðaríkt hjá ungmennaráðinu. Dagana 24. og 25. janúar fundaði ráðið um *Ekkert hatur - orðum fylgir ábyrgð* verkefnið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla. Ungmennin hittu fulltrúa frá ungmennaráði Samfés og tóku þátt í hópeflisleikjum, kynntu innra starf ráðsins og fengu að ræða málefni ungs fólks við Illuga Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra. Ungmennin tóku einnig upp myndband um birtingarmyndir hatursorðræðu á Íslandi sem var frumsýnt á ráðstefnu sem haldin var í tilefni Alþjóðlega netöryggisdagsins þann 11. febrúar en þar voru meðlimir ráðsins einnig kynnar og tóku virkan þátt í málstofum. Ungmennaráðið samdi viðtal fyrir tímarit Heimilis og skóla sem meðlimur þess tók við Illuga Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, um stefnu stjórnvalda í upplýsingatækni og menntun. Ungmennaráðið fundaði með samstarfsaðilum í Ekkert hatur verkefninu þann 27. maí í salarkynnum UMFÍ og sendi frá sér áskorun til fjölmiðla í kjölfarið, vann við gerð síðunnar neteinelti.is og tók þátt í Thunderclap herferð á samfélagsmiðlum og myndaleik á Instagram. Ungmennaráðið fundaði öðru sinni með ungmönnum frá Samfés auk annarra æskulýðsfélaga í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 31. október þar sem unnið var að verkefnum sem tengdust hatursorðræðu á netinu, einelti og framtíðarsýn í menntun ungs fólks á Íslandi. Að fundi loknum tóku ungmennin þátt í ráðstefnunni *Allir snjallir* sem haldin var í tilefni Foreldradags Heimilis og skóla. Meðlimir ungmennaráðsins tóku auk þess þátt í fjölmörgum smærri viðburðum yfir árið, komu fram í fjölmiðlum og sinntu jafningjafræðslu í heimahéraði.

Fræðsluerindi

Fjölmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um allt land, bæði fyrir nemendur, kennara og foreldra. Boðið er upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Á árinu voru m.a. allir 6. bekkir í Reykjavík og Árborg heimsóttir og fræddir um netöryggi. Yfir skólamánuðina halda SAFT fyrirlesarar að jafnaði 2-3 erindi á viku.

Vefsíður

Heimasíða verkefnisins er www.saft.is. SAFT er líka með Facebook og Twitter síður og youtube rás.

Neteinelti.is

Í lok árs 2014 tókum við yfir rekstur neteinelti.is og var skrifað undir samning þess efnis í upphafi árs 2015. Fyrr á árinu hafði ellefu manna hópur kennaranna í grunnskólakennarafræðum gert stuttmynd og vefinn neteinelti.is sem lokaverkefni til B.Ed. gráðu. Vefurinn neteinelti.is og stuttmyndin sem honum fylgir fjalla um neteinelti; forvarnir, viðbrögð og afleiðingar þess. Stuttmyndin er um 16 mínútna löng með viðtölum við ungmenni og ýmsa fagaðila sem

þekkja efnið vel. Á vefnum neteinelti.is er einnig mikið af fræðandi efni m.a. um hættumerki, hlutverk skóla, ýmis samskiptaforrit og boðleiðir neteineltis. Einnig eru á vefnum stutt viðtöl m.a. um nafnleynd og dreifingu mynda og reynslu foreldris og ungmennis. Þarna eru góð ráð til uppalenda og upplýsingar um hvert börn og ungmenni, foreldrar og kennarar geta leitað þegar einelti á netinu kemur upp og margt fleira.

Ábendingahnappur

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT, Barnaheilla - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra.

Fréttablaðið

Á vormánuðum 2012 var samið við Fréttablaðið um birtingar á heilræðum SAFT til foreldra í óseldum auglýsingadálkum. Netheilræðin 10 voru útfærð í mismunandi stærðum og hafa birst minnst eitt á dag síðan í júní 2012 og eru enn í birtingu ásamt áminningu um ábendingahnappinn.

Börn og miðlanotkun

Á árinu var unnið að útgáfu bæklingisins Börn og miðlanotkun og er hann ætlaður foreldrum barna á grunnskólaaldri. Í honum er fjallað um sjónarmið sem gott er að hafa í huga í tengslum við miðlanotkun barna og ungmenna. Í hverjum kafla eru haldbærar leiðbeiningar sem settar eru upp með þeim hætti að foreldrar geti auðveldlega hafið samtál við börnin sín um hinar ýmsu hliðar miðlanotkunar; leyft þeim að kynnstólíkum miðlum og nýta sér þau tækifæri sem þeir bjóða upp á en um leið kennt þeim að verjast skuggahlíðum miðlanna og tileinka sér gagnrýna hugsun gagnvart þeim skilaboðum sem þar er að finna.

Embla

Á árinu vann SAFT að tveimur gagnvirkum náms-einingum um netöryggi fyrir yngsta stig, Ævintýri Emblu í Netbæ (fyrir 5 til 6 ára) og Ævintýri kaþeins Kjærnested (fyrir 7 til 9 ára). Náms-einingarnar voru kynntar og gefnar út árið 2015 og er fyrirhugað að gefa út gagnvirkar náms-einingar fyrir miðstigi, elsta stig og framhaldsskóla.

Stattu með þér!

Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi lét gera á árinu forvarnar- og fræðsluefnið *Stattu með þér!* sem er 20 mínútna löng stuttmynd ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. Myndinni er ætlað að spyrna gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu með sjálfsvirðingu og jákvæðni að leiðarljósi. Stattu með þér! er fyrsta fræðsluefni sinnar tegundar fyrir

þennan aldurshóp og standa vonir til að kennarar og foreldrar nýti það til að efla 10-12 ára börn í að standa með sér gegn staðalímyndum og útlitsdýrkun og rækta sjálfsvirðingu í mannlegum samskiptum. Samhliða lét SAFT útbúa gagnvirk náms-efni sem tengist myndinni. Sjálfsprófin má bæði nota sem stuðningsefni við myndina og ein og sér. Sjálfsprófin eru tvö og heita Líkaminn og kynþroskinn og Útlitið og Öryggisnetið.

Rusleyjan og Heimkoman

Á árinu hófst Insafe handa við að þýða bókina Rusleyjan og leikritið Heimkoman yfir á ensku, pólsku, rúmensku og tékknesku. Þetta efni hafði unnið til verðlauna hjá netverkinu 2013 og til stendur að gefa efnið út á fleiri tungumálum 2015.

Ekkert hatur - orðum fylgir ábyrgð

SAFT leiðir verkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Samfés, Landsamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindi og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursorður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu. Fjölmargir viðburðir voru haldnir á árinu til þess að vekja athygli á verkefninu.

Núverandi samningur

Nýr samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður í ágúst 2012 og gilti verkefnasamningur út árið 2014. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta Netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli - landssamtök foreldra, Rauði kross Ísland, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill - Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og innanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra). Í desember 2012 skrifuðu ráðherrar mennta-, velferðar- og innanríkismála undir verkefnasamning við SAFT, en hann tryggði verkefninu umsamið mótframlag og þannig rekstur þess út árið 2014. Sjá nánar um SAFT verkefnið í ársskýrslu þess sem nálgast má á skrifstofu samtakanna og á vef verkefnisins www.saft.is.

| 4 | ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. ÚTGÁFA

Foreldrasáttmálinn er í stöðugri prentun enda mjög vinsæll og sniðugt tæki til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti. Sáttmálinn var uppfærður og endurhannaður árið 2012 og hefur fengið góðar viðtökur foreldra og skólafólks um allt land. Samtökin hafa um árabil dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum. Þá er mikil eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar - betri leik-, grunn- og framhaldsskóli) en Virkir foreldrar - betri grunnskóli var endurprentaður á árinu. Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á <http://heimiliogskoli.is> og <http://saft.is>.

Tímarit Heimilis og skóla var gefið út tvisvar árið 2014. Fyrra tímaritið kom út í mars 2014 og var áherslan þar á örugga netnotkun. Seinna tímaritið kom út í ágúst 2014 og var þemað foreldrastarf í skólum. Tímaritunum var dreift til félagsmanna Heimilis og skóla, allra leik-, grunn- og framhaldsskóla landsins, greinarhöfunda og auglýsenda og á bókasófn. Fyrra tímaritið var einnig sent á foreldra allra barna sem hófu skólagöngu haustið 2014 og þeim boðin félagsaðild. Sami háttur var hafður á með seinna tímaritið nema það var sent á foreldra barna sem byrjuðu í 4. bekk haustið 2014.

Veftímarit samtakanna, Samstíga, kom tíu sinnum út árið 2014. Það er sent út á rafrænu formi til foreldra og félagsmanna á öllum skólastigum (og annarra sem þess óska) og segir frá helstu viðburðum sem samtökin standa fyrir hverju sinni.

Gefin voru út almenn viðmið um birtingu upplýsinga og myndefnis af börnum og notkun samfélagsmiðla. Þau voru send á netverkið og hlutu einnig fjölmiðlaumfjöllun. Viðmiðin voru unnin í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem og ýmsa hagsmunaaðila. Hægt er að nálgast viðmiðin á vefsíðu samtakanna. Fræðslupakki um nýja aðalnámskrá leit dagsins ljós í janúar 2014 en hann er hugsaður fyrir foreldra og er á rafrænu formi. Heimili og skóli og SAFT gáfu síðan út bæklinginn Örug og ábyrg farsímanotkun í samstarfi við Símann en þar er m.a. rætt um hvað foreldrar þurfa að hafa í huga við fyrstu farsímakaupin o.fl.

4.2. HEIMASÍÐA OG FACEBOOK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimiliogskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi.

Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (facebook) sem opnuð var haustið 2009, Youtube rás og Twitter aðgang. Samtökin hafa nú eignast um 3.195 aðdáendur/vini en þeir voru 1.930 árið 2013. Færðar eru inn fréttir og annað efni í hverri viku. Heimasíða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en stöðugri upplýsingar á heimasíðu. SAFT er með eigin síðu, <http://saft.is> og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. facebook, Twitter og Youtube.

| 5 | FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, FRÆÐSLA OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2014. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga og héldu erindi, enda eiga samtökin í viðtæku samstarfi við ýmsa aðila innanlands og utan. Lokið var við fræðsluherferð um nýja aðalnámskrá í upphafi árs, fræðslupakki um aðalnámskrá gefinn út og fræðsluátakið Foreldrar og forvarnir hélt áfram í samstarfi við Vímulausa æsku og er enn í gangi. Allir 6. bekkingar í Reykjavík fengu fræðslu um netöryggi en verkefnið var styrkt af Reykjavíkurborg. Sams konar fræðsla fór fram í 6. og 7. bekk í Árborg. Þessi fræðsla er enn í gangi og hefur nú farið víða um land. Árið 2014 einkenndist í upphafi af umræðum um PISA niðurstöður og nauðsyn þess að efla læsi og minnka brottfall. Einnig var rætt um fyrirhugaða styttingu framhaldsskólans. Hvítbók ráðherra sem felur í sér umbótaáætlun í menntamálum kom út í júní

og þar er að finna markmið þessu tengd eins og 90% læsi grunnskólabarna, 60% framhaldsskólanema ljúki námi á tilsettum tíma og styttingu framhaldsskólans. Samtökin funduðu með Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra, í aðdraganda Hvítbókar og ræddu m.a. þessi mál og einnig kjör kennara. Auk þess tóku fulltrúar samtakanna þátt í undirbúningsvinnu og áttu sæti í vinnuhópum á vegum ráðuneytisins sem vinna annars vegar að eflingu læsis og hins vegar að styttingu framhaldsskólans. Einnig var mikið rætt um yfirvofandi verkföll grunn- og framhaldsskólakennara sem síðar urðu að veruleika. Fulltrúar samtakanna funduðu með Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tengslum við þau mál. Haldið var fræðslukvöld fyrir foreldra framhaldsskólanema undir yfirskriftinni *Fikt í framhaldsskólum* og var þar rætt um forvarnir. Fundurinn var haldinn í MH en var opin öllum foreldrum. Síðar á árinu héldum við fund

fyrir fulltrúa framhaldsskólaforeldra í foreldraráðum til að ræða kjaradeilu framhaldsskólakennara og yfirvalda sem hafði þá staðið yfir í nokkurn tíma. Stjórn Heimilis og skóla hafði sent út ályktanir í tengslum við bæði verkföllin en á þessum fundi var rætt um frekari aðgerðir sem þurfti þó ekki að beita þar sem deilan leystist skömmu síðar. Grunnskólakennarar fóru í verkfall sem leystist nokkrum dögum síðar en leikskólakennarar sömdu áður en til vinnustöðvunar

kom. Einnig var rætt um hlutverk frístundaheimila á árinu og þrýst á að sett verði skýr, opinber viðmið um slíkan rekstur og rammi um starfsemi þeirra. Samþætting atvinnu og fjölskyldulífs var í deigluinni sem og hatursorðræða og netöryggi. Um aðra viðburði er fjallað nánar í viðeigandi köflum í ársskýrslu en einnig má skoða heimasíðu samtakanna og samfélagsmiðla.

| 6 | SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli - landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu. Fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnaverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- Samtökin eiga fulltrúa í *stjórn Námsgagnastofnunar* sem hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, tók við sæti í stjórninni í febrúar 2012 og Ketill B. Magnússon er til vara.
- *Velferðarvaktin*, fulltrúi Heimilis og skóla er Jenný Ingudóttir en Pröstur Jónasson er til vara.
- *Náum áttum* er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum. Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri, er þar fulltrúi.
- *Vika 43* - Vímuvarnavikan.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Björn R. Egilsson, verkefnastjóri, vinnur með hópnum.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Samstarfsráði um forvarnir (SAMFO)*, sem er samráðsvettvangur forvarnasamtaka á Íslandi þar sem athygli er beint að börnum og forvarnastarfi.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Sólveig Karlsdóttir.

- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í félagsráði Radda sem fulltrúi Heimilis og skóla.
- *Dagur leikskólans* var haldinn 6. febrúar 2014 og viðurkenningin Orðsporið afhent í þriðja sinn. Hrefna Sigurjónsdóttir sat í dómnefnd fyrir hönd Heimilis og skóla.
- *Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatursorðfæri á netinu* (No Hate Speech Movement), mennta- og menningarmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT, er formaður þeirrar nefndar.
- *Samráðsnefnd leik- og grunnskóla*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Anna M. Sigurðardóttir, formaður, á þar sæti og Hlíf Böðvarsdóttir til vara.
- *Starfshópur um starfsemi frístundaheimila*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ása Sigurlaug Harðardóttir var þar fyrir hönd Heimilis og skóla og Gísli H. Guðlaugsson til vara.
- *Samráðshópur um eflingu starfsnáms*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Bryndís Elfa Valdemarsdóttir átti þar sæti en hópurinn hefur lokið störfum.
- *Samráðshópur um mótun fjölskyldustefnu*, velferðarráðuneyti. Svava B. Sigurjónsdóttir var okkar fulltrúi og Ketill B. Magnússon til vara. Hópurinn hefur lokið störfum.
- *Samráðshópur um samskipti grunn- og framhaldsskóla (m.a. innritun)*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Brian D. Marshall átti þar sæti og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir til vara. Hópurinn hefur lokið störfum.



- *Fagråd um bætta umferðarmenningu*, innanríkisráðuneyti. Anna M. Sigurðardóttir, formaður.
- *RANNUM* - rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun. Hlíf Böðvarsdóttir.
- *Gegn einelti - verkefnisstjórn eineltisteymis*. Ráðuneyti mennta- og menningarmála, innanríkismála og fjármála. Guðberg K. Jónsson er þar ráðgefandi fyrir SAFT verkefnið.
- *Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Kristín Inga Hrafnadóttir var þar fyrir okkar hönd en hefur lokið störfum.
- *Samstarfshópur um læsi*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hrefna Sigurjónsdóttir hélt utan um samstarfshópinn í samvinnu við Guðfinnu S. Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra LC ráðgjöf sem vinnur fyrir ráðuneytið. Fulltrúar foreldra sem Heimili og skóli kölluðu til áttu sæti í hópnum.
- *Samstarfshópur um námstíma*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólveig Karlsdóttir héldu utan um samstarfshópinn í samvinnu við Ársæl Guðmundsson, verkefnastjóra hjá ráðuneytinu. Fulltrúar foreldra úr foreldraráðum framhaldsskóla sátu í hópnum sem Heimili og skóli setti saman.
- *Fag- og stýrihópur heilsueflandi grunnskóla*, Embætti landlæknis. Sólveig Karlsdóttir.
- *Fagråd um áfengis- og vímuvarnir*. Sólveig Karlsdóttir.
- *Samráðshópur um ofbeldisforvarnir*, Embætti landlæknis. Sólveig Karlsdóttir.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita um-sagnir til Alþingis vegna þingsályktana og/eða frumvarpa til laga þegar við á. Einnig taka fulltrúar Heimilis og skóla þátt í starfsnefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill - samtökum þriðja geirans. Ketill B. Magnússon, situr í stjórn Almannaheilla fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Heimili og skóli hafa í gegnum árin tekið á móti starfsmenum frá Menntavísindasviði. Árið 2014 fengum við þrjá starfsmenn úr uppeldis- og menntunarfræði í HÍ sem skiluðu 40 vinnustundum hver.
- Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna og verða þá yfirleitt framkvæmdastjóri og formaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmiðla og veita upplýsingar.

| 7 | NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli hafa tekið upp þráðinn í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komité, en á öðrum forsendum. Heimili og skóli sömdu um að greiða lægra árgjald en í staðinn greiðum við sérstaklega fyrir þær ráðstefnur og fundi sem við sækjum. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Áherslan í samstarfinu

síðastliðið ár var á jafnrétti til náms en sú áhersla rímaði við áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar. Formaður og verkefnastjóri Heimilis og skóla og framkvæmdastjóri SAMFOK sóttu ráðstefnu á vegum NOKO í Helsinki í Finnlandi 12. og 13. september 2014 en yfirskrift ráðstefnunnar var „En ligestværdig skole for alle“.

| 8 | EVRÓPSKT SAMSTARF

Heimili og skóli urðu fullgildir aðilar að Evrópusamtökum foreldra, European Parents' Association (EPA) á fundi EPA í september 1998 en eru um þessar mundir á hliðarlínunni. Meginmarkmið samtakanna er í grófum dráttum:

- að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins í mennta- og uppeldismálum og stuðla með því að sem mestum gæðum skólasterfs,
- að beita áhrifum samtakanna til að efla virka þátttöku evrópskra foreldra í skólasterfi á öllum skólástigum,

- að styrkja samstarf heimila og skóla með því að miðla hugmyndum og dæmum um það besta sem gert er (good practice),
- að vera vettvangur skoðanaskipta og samráðs evrópskra foreldra.

Heimili og skóli hafa ekki sótt neina fundi né ráðstefnur á vegum EPA síðustu ár en samtökin fá reglulega fréttabréf og annan fróðleik með tölvupósti og í gegnum fésbók.



**Anna Margrét
Sigurðardóttir**
formaður
Heimilis og skóla

Eitt af meginverkefnum Heimilis og skóla er að virkja foreldra til þátttöku í skólastarfi barna sinna á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Ávinningurinn af þátttöku foreldra í skólastarfi er margvíslegur og áskoranirnar eru margar en leiðarljósið er framgangur menntunar og aukin foreldrafærni.

Á síðasta starfsári tóku samtökin virkan þátt og lögðu töluverða krafta í samstarfsverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um læsi og námstíma framhaldsskóla út frá markmiðum Hvítbókar. Áframhaldandi áhersla verður á læsi á yfirstandandi starfsári. Á fulltrúaráðsfundi samtakanna í október voru til umræðu læsi, hlutverk foreldra og hvernig þeir geta tekið þátt í að efla læsi barna sinna. Fjöldmennur fulltrúaráðsfundur var haldinn í apríl á Reyðarfirði en hann sóttu fulltrúar af öllu landinu. Haldið var áfram vinnu við eflingu svæðasamtaka foreldrafélaga. Það skiptir samtökin höfuðmáli að komast í og vera í virku samband við öflugra talsmenn foreldra í öllum landshlutum. Þannig tekst okkur best að styðja við foreldrastarf vítt um landið.

Lífæð samtakanna er netfangalisti foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða á öllum skólastigum sem uppfærður er reglulega af starfsmönnum. Þetta netverk gerir okkur kleift að vera í reglulegu sambandi

við grasrót foreldra í landinu. Til hennar er miðlað upplýsingum um það sem er nýtt og efst á baugi varðandi foreldrasamstarf. Þessi upplýsingamiðlun er einnig hluti af þjónustusamningi við mennta- og menningamálaráðuneytið sem hefur verið í gildi til allmarga ára.

Á starfsárinu stóðu samtökin fyrir fjölmörgun viðburðum og má þar helst nefna Alþjóðlega netöryggisdaginn, fulltrúaráðsfundi, Foreldraverðlaunin og Foreldradaginn sem bar yfirskriftina *Allir snjallir* og var mjög vel sóttur. Einnig voru haldnir fundir um allt land á árinu. M.a. hélt fræðsluherferðin Foreldrar og forvarnir áfram og aukin eftirspurn var eftir fundum og fyrirlestrum frá samtökunum. Á haustmánuðum voru allir 6. bekkir í Reykavík heimsóttir og fræddir um netöryggismál og 6. og 7. bekkur í Árborg. Þessi fræðsla er yfirstandandi og aðrir landshlutar hafa verið heimsóttir.

Rekstur síðasta starfsárs gekk vel en mikils aðhalds er gætt og hverri krónu velt við. Rekstur samtakanna er viðkvæmur og lítið má út af bera. Nauðsynlegt er að styrkja stoðirnar og efla aðild skólaforeldra að samtökunum. Foreldrar eru stór hagsmunahópur og sameiginlegt hagsmunamál þeirra er að tryggja að börn þeirra hljóti viðhlýtandi menntun svo þau geti lifað og starfað í síbreytilegu þjóðfélagi. Foreldrar eru sá hópur sem hefur hve mest áhrif á börn sín. Viðhorf foreldra til menntunar getur haft afgerandi áhrif á framtíð barna.

Samtökin njóta þess að eiga öflugt og vel menntað starfsfólk sem hefur unnið ötulllega að framgangi samtakanna. Það er ekki síst þeim að þakka hversu öflug og fjölbreytt starfsemi samtakanna hefur verið. Ég vil þakka stjórnarmönnum þeirra framlag á starfsárinu en þeir hafa jafnframt margir setið í stjórnnum og ráðum á vegum samtakanna.

Létt var yfir starfseminni á síðasta ári og gekk okkur flest í haginn. Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs og framgangs foreldrasamstarfs í landinu.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2. gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða
- skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem
- stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,

- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því
- að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmalaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrjú stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Í umboði

aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en átta sinnum á ári og oftast ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6. gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7. gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólustefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landsamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfsemi.

Fjármál

8. gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.


Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 2008.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 18. apríl 2013, sem samþykkti þessi lög, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir þrjú stjórnarmenn til tveggja ára. Í stjórn sitja áfram í eitt ár fjórir stjórnarmenn, þar af formaður.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð | 108 Reykjavík
S. 516 0100 | www.heimilioskoli.is